

breytinga vegna vangoldinna iðgjalda. Sala hlutafjár telst til ráðstöfunarfjár að svo miklu leyti sem hún er umfram kaup á hlutafé. Innlausn ríkisvixla, svo og innlausn annarra vixla og verðbréfa til skemmri tíma en eins árs, telst ekki til ráðstöfunarfjár í þessu sambandi. Sama gildir um innheimtar afborganir af lánum með styttri lánstíma en eitt ár. Vextir og afföll af ríkisvixlum og öðrum kröfum til skemmri tíma en eins árs teljast þó ætíð til ráðstöfunarfjár.

b. 2. mgr. falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr.86 28. september 1988, sbr. lög nr. 109 29. desember 1988 og lög nr. 76 30. maí 1989, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. janúar 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

REGLUGERÐ

**um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 4. mgr. 36. gr. laga nr. 67/1971,
um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978.**

Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr. laga nr. 67/1971, skulu standa skil á föstu ársiðgjaldi til slysatrygginga sem hér segir:

Vegna bifreiðar	kr.	600
Vegna bifhjóls	kr.	600
Vegna reiðhjóls með hjálparvél	kr.	600
Vegna vélsleða	kr.	600
Vegna heimilisdráttarvélar	kr.	600
Vegna rafstöðvar	kr.	200
Vegna súgþurrkunartækis	kr.	200
Vegna heyblásara	kr.	200
Vegna trillubáta	kr.	1 600

2. gr.

Vegna nýskráningar skrásetningarskyldra ökutækja skal innheimta ársiðgjöld til þess tíma, er færa skal ökutækið næst til skoðunar skv. reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 36. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978 tekur gildi frá og með 1. janúar 1990. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 545/1988 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.